

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Höllu Gunnarsdóttur um dagsektir í umgengismálum.

1. Hve oft hafa verið settar fram kröfur um beitingu dagsekta samkvæmt heimild í 48. gr. barnalaga, nr. 76/2003, til að þvinga fram umgengni og hversu margir einstaklingar hafa sett fram slíka kröfu undanfarin fimm ár?

Ráðuneytið aflaði upplýsinga hjá sýslumannsembættum vegna fyrirspurnarinnar og eru þau svör sem bárust ráðuneytinu sundurliðuð í töflu 1.

Tafla 1. Kröfur um beitingu dagsekta samkvæmt heimild í 48. gr. barnalaga, nr. 76/2003, til að þvinga fram umgengni og fjöldi einstaklinga sem hafa sett fram slíka kröfu árin 2014–2018.

	Kröfur um beitingu dagsekta 2014–2018	Fjöldi einstaklinga sem sett hafa fram kröfu um dagsektir 2014–2018
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	246	223
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	0	0
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	6	5
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	3	3
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	28	21
Sýslumaðurinn á Austurlandi	2	2
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	16	14
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	2	2
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	26	22
<b>Samtals</b>	<b>329</b>	<b>292</b>

2. Hversu margir hafa þurft að greiða dagsektir á grundvelli úrskurða sýslumanns vegna umgengismála undanfarin fimm ár?

Ráðuneytið aflaði upplýsinga hjá sýslumannsembættum vegna fyrirspurnarinnar og eru þau svör sem bárust ráðuneytinu sundurliðuð í töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga sem hafa þurft að greiða dagsektir á grundvelli úrskurða sýslumanns vegna umgengismála 2014–2018.

Fjöldi einstaklinga sem hafa þurft að greiða dagsektir á grundvelli úrskurða sýslumanns vegna umgengismála 2014–2018	
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	3*
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	0
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	0
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	0
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	0
Sýslumaðurinn á Austurlandi	0
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	1
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	0
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	0
<b>Samtals</b>	<b>4</b>

\* 27 úrskurðir voru um álagningu dagsekta árin 2014–2018, þar af greiddu þrír einstaklingar dagsektir.

3. *Hversu háar upphæðir hefur verið úrskurðað um við beitingu dagsekta undanfarin fimm ár á grundvelli 48. gr. barnalaga?*

Ráðuneytið aflaði upplýsinga hjá sýslumannsembættum vegna fyrirspurnarinnar. Af þeim embættum sem hafa úrskurðað um dagsektir hefur foreldri undanfarin fimm ár verið gert að greiða eitthvað af eftirtöldum upphæðum á dag: 5000 kr., 6000 kr., 7000 kr., 8000 kr., 10.000 kr., 15.000 kr., 20.000 kr. eða 30.000 kr.

4. *Hver er meðalfjöldi daga sem einstaklingar greiða dagsektir samkvæmt úrskurði og hver er hæsta heildarfjárhæð sem hefur verið greidd í dagsektir yfir eitt tímabil?*

Ráðuneytið aflaði upplýsinga hjá sýslumannsembættum vegna fyrirspurnarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu eru dagsektir sem lagðar eru á með úrskurði að jafnaði ekki greiddar. Samkvæmt embættinu fer sýslumaður ekki sjálfkrafa af stað með innheimtu dagsekta þegar hann hefur kveðið upp úrskurð um álagningu dagsekta, en krafa um innheimtu þarf að koma fram frá þeim sem vill knýja fram umgengni. Hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu hafa dagsektir verið ákveðnar til 100 daga í senn. Í tveimur tilvikum, fram til ársins 2019, hafa verið greiddar 1.000.000 kr. í dagsektir. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum á Suðurlandi var úrskurðað um að foreldri bæri að greiða dagsektir í 100 daga eða þar til látið hefði verið af tálmunum.

5. *Við hvað er miðað þegar sýslumaður ákveður upphæð dagsekta í hverju tilfelli fyrir sig?*

Samkvæmt 48. gr. barnalaga, nr. 76/2003, hefur sýslumaður heimild til að úrskurða um dagsektir að hámarki 30.000 kr. á dag þar til látið er af tálmunum, en að hámarki í 100 daga í senn. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættum er í málsmeðferðinni kallað eftir gögnum sem veita upplýsingar um fjárhag og félagslega stöðu foreldra og upphæð dagsekta hagað í samræmi við það að þær séu líklegar til að viðkomandi láti af tálmunum. Ákvæðinu sé beitt af meðalhófi, en forðast sé að hafa dagsektir hærri en nauðsyn krefur. Þá sé gagnaðila gefinn kostur á að leggja fram gögn um fjárhag sinn áður en upphæð dagsekta sé ákveðin. Litið sé til þess hversu einbeittur vilji sé til þess að tálma umgengni og í því sambandi sé litið til þess hvort áður hafi verið lagðar dagsektir á sama aðila. Afallnar dagsektir falli niður þegar sýslumaður telji að látið hafi verið af tálmunum.

6. *Hve oft hafa sýslumenn sent tilkynningar til barnaverndarnefndar þegar kveðinn er upp úrskurður um dagsektir?*

Ráðuneytið aflaði upplýsinga hjá sýslumannsembættum vegna fyrirspurnarinnar. Samkvæmt sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu voru 13 tilkynningar sendar til barnaverndarnefndar á árunum 2016–2018. Samkvæmt sýslumanninum á Suðurlandi var send tilkynning til barnaverndarnefndar í því máli sem kveðinn var upp úrskurður um dagsektir.

7. *Telur ráðherra að beiting dagsekta í umgengnimálum hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt?*

Þau úrræði sem til staðar eru í barnalögum þegar annað foreldri kemur í veg fyrir umgengni foreldris og barns eru í fyrsta lagi dagsektir og í öðru lagi krafa um aðför. Í 48. gr. barnalaga, nr. 76/2003, kemur fram að umgengni við barn samkvæmt úrskurði, dómi, dómsátt foreldra eða samningi þeirra, staðfestum af sýslumanni, verði þvinguð fram með dagsektum tálmi sá sem hefur forsjá barns hinu foreldrinu eða öðrum sem eiga umgengnisrétt við barnið að neyta hans. Samkvæmt 33. gr. a barnalaga er foreldrum skylt að leita sátta áður en krafist er úrskurðar um dagsektir og höfðað er mál um aðför.

Í athugasemdum í greinargerð við 48. gr. barnalaga í frumvarpi til nógildandi barnalaga kemur m.a. fram að mikilvægt sé að hafa í huga að markmið dagsekta og annarra þvingunaraðgerða sé að koma umgengni samkvæmt lögmætri ákvörðun á, þ.e. að knýja fram efndir á ákvörðuninni. Láti forsjáforeldri af tálmunum sé tilgangi þvingunaraðgerða náð. Dagsektarúrskurður sé þá ekki lengur aðfararhæfur og dagsektirnar falli niður. Greiddar dagsektir verða þó ekki endurgreiddar þótt látið sé af tálmunum síðar. Þá segir í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til breytinga á barnalögum, sbr. lög nr. 61/2012, um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum, er varðar umgengnistálmanir, að leggja verði áherslu á að þegar svo háttar til að umgengnisúrskurði sé ekki framfylgt af hálfu foreldris sem barn býr hjá og grípa þurfi til aðgerða af hálfu yfirvalda til að koma á umgengni vegist á tvenns konar hagsmunir. Annars vegar sé um að ræða hagsmuni barns og foreldris af því að njóta umgengninnar og hins vegar hagsmuni barns af því að framkvæmd umgengninnar valdi því ekki of miklum erfiðleikum eða skaða. Lögfesting og framkvæmd þvingunarræða verði að taka mið af þeirri hættu sem geti verið samfara því fyrir barn að þvinga fram umgengni með tilteknum ráðum. Skilyrði fyrir beitingu þvingunar samkvæmt ákvæðum laganna sé fyrst og fremst að úrskurðaraðili hafi komist að þeirri niðurstöðu að foreldri sem barn býr hjá tálmi umgengni. Þá kemur fram að mikilvægt sé að undirstrika að þau mál þar sem reyni á þvingun séu flókin og erfið. Þar sé nær undantekningarlaust um að ræða djúpstæðan eða langvarandi ágreining foreldra sem geti átt sér ýmsar orsakir og reynst mjög erfitt að leysa. Ágreiningur af þessu tagi hafi alltaf áhrif á barnið sem eigi í hlut og barnið finni sig oft knúið til að taka afstöðu. Þá kemur jafnframt fram að viðurlög séu nauðsynleg til þess að reyna að tryggja að barn fari ekki á mis við þá umgengni sem gagnast barninu best. Með viðurlögum sé einnig undirstrikað að tálmun sé brýnt brot á forsjárskyldum foreldris. Hörð framganga í þvingunarmálum eða refsikennnd viðurlög geti hins vegar aukið deilu foreldra til muna til skaða fyrir barnið. Þung viðurlög eða harkalegar afleiðingar við umgengnisbrotum geti einnig dregið úr líkum á því að foreldri lýsi réttmætum áhyggjum af umgengni þegar það á við og að barn njóti nauðsynlegrar verndar.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu lýkur miklum meiri hluta dagsektarmála á annan hátt en með úrskurði sýslumanns. Önnur málalok en úrskurður séu oft til marks um að umgengni hafi komist á að nýju eða a.m.k. að þokast hafi í átt að samkomulagi milli foreldra, eftir atvikum með beitingu sáttameðferðar, eða öðrum úrræðum

sem sýslumaður getur beitt við meðferð þessara mála. Dagektarmál falla í sumum tilvikum niður sökum þess að málshefjandi hættir að sinna þeim og megi ætla að í einhverjum þeirra tilvika hafi umgengni komist á að nýju. Í þeim tilvikum þar sem umgengni hefur komist á að nýju, í kjölfar þess að beiðni um dagsektir hefur verið lögð fram, verði að mati embættisins að ætla að beiting úrræðisins hafi skilað árangri. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum á Suðurlandi, með vísan til fyrirbyggjandi tölfræði hjá embættinu, verður rekstur dagsektarmáls í yfirgefandi fjölda tilfella til þess að umgengni kemst á, dagsektarmál falla niður í kjölfarið og ekki komi til úrskurðar nema í undantekningartilfellum. Þegar litið sé til þessa sé að mati embættisins tvímælaust hægt að draga þá ályktun að dagsektarmál skili þeim árangri í umgengnismálum sem að sé stefnt. Hins vegar verði að líta til þess að í þeim undantekningartilfellum sem úrskurðað sé um dagsektir í umgengnismálum virðist dagsektirnar sjálfar ekki endilega skila tilætluðum árangri. Hagur forsjárforeldra geti jafnframt skipt miklu máli, t.d. ef forsjárforeldri er eignalaust eða efnamikíð.

Ráðherra lítur því svo á að beiting dagsekta í umgengnismálum skili þeim árangri í flestum tilvikum að umgengni sé komið á í samræmi við úrskurð, dóm, dómsátt eða staðfestan samning.